



Vírin 20. tbl. 3. árgangur 2013

Kæri viðtakandi,

Áhættuþjónusta (ERS) er sérfræðihópur innan endurskoðunarsviðs Deloitte ehf. sem sérhæfir sig í innra eftirliti upplýsingakerfa, upplýsingaöryggi og endurskoðun upplýsingakerfa. Vírin er gefinn út á tveggja vikna fresti og ætlaður m.a. stjórnendum, kerfisstjórum og almennum notendum upplýsingakerfa.

Hlekkir

[Upplýsingaöryggissíða Deloitte](#)

Tengiliðir

[Úlfar Andri Jónasson](#)
Kerfisfræðingur | ERS
ulfar@deloitte.is
+ 354 580 3322

[Rey LeClerc Sveinsson](#)
Liðstjóri | ERS
rey@deloitte.is
+ 354 580 3306

Tryggingafélagið Horizon tapar gögnum um 840.000 einstaklinga

Tryggingafélagið Horizon hefur tilkynnt að tveimur ódulkóðuðum fartölvum var stolið í innbroti í höfuðstöðvar þeirra fyrir rúmum mánuði síðan.

Persónulegum gögnum um 840.000 einstaklinga var stolið nýlega í innbroti í tryggingafélagið Horizon í Bandaríkjunum. Þessi gögn voru geymd á tveimur fartölvum sem voru ekki dulkóðaðar heldur einungis varðar með lykilorði. Gögnin innihéldu meðal annars nöfn, heimilisföng, fæðingardaga, svokallaðar Social Security Numbers sem og upplýsingar um sjúkrasögu einstaklinga.

Við mælum auðvitað með því að fartölvur, USB lyklar og jafnvel snjalltæki séu dulrituð til að koma í veg fyrir svona gagnaleka.

Meira ▶

Brotist inn á vefsvæði JP Morgan Chase & Co

Fjármálafyrirtækið JPMorgan Chase & Co hefur sent út viðvörðun til um 465.000 notenda fyrirframgreiddra korta sem JPMorgan gefur út.

Í tilkynningu frá JPMorgan Chase & Co kemur fram að brotist hafi verið inn á vefsvæði þeirra og mögulegt er að tölvuþrjóturinn hafi komist yfir persónulegar upplýsingar um 465.000 notenda fyrirframgreidda korta. Innbrotið átti sér stað í júlí síðastliðnum en innbrotið uppgötvaðist ekki fyrr en

í september. Í tilkynningunni kemur einnig fram að búið er að loka á þessa öryggisholu.

Meira ▶

Gögnum um 20.000.000 hótélgesta lekið

Uppgötvast hefur að persónulegum upplýsingum um 20.000.000 gesti hótels í Kína hefur verið lekið á netið.

Gögnum um 20.000.000 gesta hótels í Kína hefur verið lekið á netið. Meðal gagna sem lekið hefur verið eru bókunarupplýsingar, nöfn, símanúmer, netföng og heimilisföng.

Tölvuþrjótarnir hafa sett þessi gögn á netið á nokkra mismunandi staði og sýnir það okkur að ekki allir tölvuþrjotar eru að brjótast inn í tölvukerfi sér til hagnaðar.

Meira ▶

Endilega hafið samband við undirritaða (tengiliðir hér til hliðar) ef þið hafið spurningar eða frekari áhuga á efninu.

Viðtakendur eru hvattir til að áframsenda Vírinn á áhugasama

Kveðja,

Áhættuþjónusta Deloitte / Ritnefnd
Virinn@deloitte.is

Smáratorg 3
201 Kópavogur
Iceland

© 2013 Deloitte ehf.

Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee, and its network of member firms, each of which is a legally separate and independent entity. Please see www.deloitte.com/about for a detailed description of the legal structure of Deloitte Touche Tohmatsu Limited and its member firms.

 [Deloitte RSS feeds](#)

[Afskráning](#)